



FS Tilkynning um kæru nr. 222024, stjórnvald.

Búið til	28.2.2024 14:12:49
Höfundur	[REDACTED]
Móttekið dags.	28.2.2024 13:33:23
Tilheyrir	USK24020283 - Rofabær 43-47 - Kæra nr 22/2024 - Klæðning á suðurhlíð hússins

Efni

FS Tilkynning um kæru nr. 222024, stjórnvald.

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	28.2.2024 13:33:23	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.15.02 Kæzur og dómsmál		
Lykilorð	kæzur		

Þátttakendur

Frá	USK Skipulag (skipulag@reykjavik.is)
Til	usk@reykjavik.is

Innihald

Áframsent til skráningar



Með kveðju,

[REDACTED]

[REDACTED]

—

Sími: +354 411 1111

Skipulagsfulltrúi

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Frá: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA
<uua@uua.is>

Sent: miðvikudagur, 28. febrúar 2024 13:15

Til: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>

Afrit: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

[REDACTED] Harri Ormarsson
[REDACTED] Jóhanna Guðjónsdóttir
[REDACTED]; Snædís Karlsdóttir
[REDACTED]@reykjavik.is>; Auðun
[REDACTED] Dagný Alma
Helgason
Jónasdóttir

Efni: Tilkynning um kæru nr. 22/2024, stjórnvald.

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttokin 28. febrúar 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa að hafna byggingarleyfisumsókn USK 23050220 frá 17. maí 2023 sem varðar klæðningu á suðurhlíð hússins Rofabæ 43-47.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg
105 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2024

Varðar Rofabæ 43-47 USK23050220

Efni: Kæra vegna niðurstöðu byggingarleyfisumsóknar

Til þess er málið varðar.

Undirritaður f.h. Húsfélagsins Rofabæ 43-47 sótti um byggingarleyfi vegna áforma um klæðningu suðurhliðar hússins og endurnýjun svalahandriða sömu hliðar. Var erindið fyrst tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingafulltrúa 13. júní 2023. Þar var erindinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og var erindið tekið fyrir á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. júní þar sem erindinu var vísað til verkefnastjóra til umsagnar. Var erindið tekið fyrir að nýju hjá byggingafulltrúa 13. júlí 2023. og var þar lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags 13. júlí 2023. Var tekið neikvætt í erindið með þeim lausnum sem sýndar eru á teikningum.

Rofabær 43-47 er 3 hæða, steinsteypt fjölbýlishús. Samkvæmt upplýsingum úr fasteignaskrá var lokið við byggingu hússins árið 1967 og er það því orðið 56 ára gamalt. Í húsinu eru 24 íbúðir, auk sameignarhluta í alls þremur stigagöngum.

Í meðfylgjandi ástandsskýrslu sem gefin var út í júní 2016 segir um ástand útveggja suðurhliðar: „Ástand útveggja suðurhliðar er metið slæmt. Víða eru sýnileg einkenni frostskemda í steinsteypunni, en þau eru t.d. sprungunet á veggflötum, sér í lagi nálægt úthornum steinsteypra veggja og undir gluggum. Einnig er nokkuð um aðrar skemmdir eins og t.d. sprungur eftir hæðaskilum og út frá gluggahornum“.

Um ástand veggja á vesturhlið segir í sömu skýrslu: „Á vesturgafli hússins sjást einnig nokkur ummerki um frostskemdir, ásamt öðrum skemmdum. Frostskemdir eru aðallega áberandi við úthorn og eins eru miklar og útbreiddar frostskemdir á veggflötum“.

Þá er rétt að benda á að austurgafli hússins ásamt austasta hluta suðurhliðar hefur verið klæddur með Steni plötuklæðningu á undirkerfi úr timbri og með einangrun undir.

Af framansögðu er ljóst að steinsteypa hússins hefur ekki mikið veðrunar- eða frostþol. Einnig er rétt að benda á að ástandsgreining þessi sem vísað er í, er síðan 2016 og ástand hússins hefur ekki batnað á undanförunum 7 árum. Það er því ekki að ástæðulausu að lagt er til að húsið verði klætt með álklaðningu. Við val á klæðningu og útfærslu hennar var sérstaklega horft til þess að raska sem minnst ásýnd hússins. Því varð fyrir valinu slétt álplötuklæðning í

svipuðum lit og prýðir húsið í dag. Er það mat undirritaðs að valið sé vel ígrundað og meðal annars horft til þess að raska sem minnst útliti hússins.

Í áðurnefndri meðfylgjandi úttektarskýrslu frá 2016 segir um svalagólf og svalahandrið: „Mjög miklar steypuskemmdir eru í köldum steiptum flötum eins og svalagólfum, svalahandriðum og stoðveggjum sem skilja að svalir íbúða á suðurhlíð. Í steinsteypu svalagólfa eru greinileg ummerki steypuskemmda sem sjást á útfellingum úr svalaloftum ásamt sprungum o.fl. Þá hafa svalagólf sigið við frambrún sem bendir til að styrkur steinsteypu sé orðin lítill. Má segja að öll svalaloft beri merki alvarlegra steypuskemmda. Samskonar skemmdir sjást í steiptum svalahandriðum og veggjum milli svala sem lýsa sér í sprunguneti sem sjá má á veggflötunum ef í þá er rýnt.“ Í skýrslunni er lagt til að svalagólf og stoðveggir milli svala suðurhlíðar verði endursteyptir og að svalahandrið verði endurnýjuð þannig að í stað steyptra handriða með stálvirki komi létt svalahandrið klædd með litaðri klæðningu.

Við val á handriðum var horft til ýmissa þátta, m.a. útlits, kostnaðar, endingar og ekki síst öryggis íbúa. Á síðustu árum hafa orðið verulegar breytingar hvað varðar möguleika á efnisvali vegna handriða. M.a. hafa handrið úr áli og gleri orðið mjög vinsæl. Þykja þau falleg, endingargóð, hagkvæm í innkaupum og umfram allt örugg. Horfðu íbúar Rofabæjar 43-47 sérstaklega til hússins Hraunbær 96-100 þegar þau settu fram sínar óskir um ný handrið. Bæði út frá fagurfræði sem og hagkvæmni, þar sem margir íbúa hafa hug á því síðar meir að setja svalalokanir á sínar svalir og þau handriði sem sótt var um er hönnuð með það fyrir augum að gott sé að setja á þau svalalokanir. Rétt er að benda á að í hverfisskipulagi fyrir Árbæjarhverfið er ekki lagst gegn svalalokunum, heldur segir „Svalir og svalalokanir eru heimilar enda falli þær vel að viðkomandi húsi hvað varðar byggingarstíl, stærð, form, efni og frágang.“ Gömlu handriðin sem voru á húsinu henta engan vegin fyrir svalalokanir. Rétt er líka að benda á að í skilmálaeiningunni 7.2.11 eru engin friðuð eða friðlýst hús, né hús eða svæði sem njóta hverfisverndar.

Við lauslega athugun kom í ljós að stór hluti fjölbýlishúsa við Rofabæ og Hraunbæ í næsta nágrenni við Rofabæ 43 – 47 hafa verið klædd. Má þar nefna, Hraunbær 194, 196 og 198. Austurgafi á Hraunbæ 192 hefur verið klæddur og sama á við um norðurgafi á Hraunbæ 186. Vesturhlíð millibyggingar milli Hraunbæjar 180 og 182 hefur verið klædd. Þá hafa bakhliðar Hraunbæjar 176 til 180 verið klæddar. Þá er ekki annað hægt en að nefna nýjar byggingar sem ýmist eru þegar byggðar eða eru í byggingu milli Hraunbæjar og Bæjarháls. Þær byggingar eru allar meira og minna ál-klæddar að utan ásamt því að á þeim eru ál/gler handrið.

Í höfnun skipulagsfulltrúa & Byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar, kemur fram að höfnunin er á forsendum hverfisskipulags Árbæjarhverfis sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. Nóvember 2019. Við teljum að ekki hafi verið forsenda til að hafna þessum framkvæmdum, með tilliti til þess að aðrar framkvæmdir í Hraunbæ & Rofabæ hafa verið samþykktar og framkvæmdar eftir að þetta skipulag tók gildi. Dæmi um það er áðurnefnt hús við Hraunbæ 96-100. Sjá nánar í viðhengjum sem sýna þessar tímalínur.

Frá því að fyrirnefnd höfnun kom frá embættinu hefur Verksýn, fyrir hönd húsfélagsins Rofabæ 43-47 reynt að fá opið samtal um lausn á þessu máli, án árangurs. Verkefnastjóri okkar sendi Tþóst á bæði fulltrúa skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa þann 15. Janúar 2024, þar sem óskað er eftir fundi. Þegar ekkert svar hafði borist þann 29. Janúar, var beiðnin ítrekuð og enn hefur ekki borist svar.

Við teljum að með höfnun á þessum breytingum á Rofabæ 43-47 sé bæði verið að brjóta jafnræðisreglu, sem og að starfsfólk embættisins sýni þeim 24 fjölskyldum sem eigi sína stærstu eign í húsinu ákveðna lítilsvirðingu með því að svara ekki óskum um samtal, til að leita lausna. Við förum því fram á fyrir hönd húsfélagsins að Rofabæ 43-47 að upphaflegar teikningar sem sendar voru inn 17.05.2023 verði samþykktar og ákvörðun byggingafulltrúa snúið við.


Með kveðju,



Reynir Kristjánsson
Byggingafræðingur/aðal hönnuður
Verksýn ehf.



Hraunbær 96-100



Samþykkt teikning af Hraunbæ 96-100



ÓTLIT SUBURHLÍÐ 1:100

Teikning af fyrirhuguðum framkvæmdum að Rofabæ 43-47



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í máli nr. 22/2024, kæra Húsfélagsins Rofabæ 43-47, dags. 28. febrúar 2024. Í framangreindri kæru er kærð ákvörðun byggingarfulltrúa að hafna byggingarleyfisumsókn USK23050220 frá 17. maí 2023 sem varðar klæðningu á suðurhlið hússins Rofabæ 43-47.

Málavextir

Þann 17. maí 2023 var lögð inn umsókn til byggingarfulltrúa þar sem óskað var eftir leyfi til að klæða suðurhlið hússins Rofabæjar 43-47 og setja létt svalahandrið í stað steypra á húsinu.

Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 13. júní 2023 og vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Skipulagsfulltrú lagði fram umsögn í málinu, dags. 13. júlí 2023, en tók málið til endurskoðunar í kjölfar bréfs frá stjórn húsfélagsins í Rofabæ 43-47, ódags, og lagði fram endanlega umsögn dags. 3. ágúst 2023. Í umsögninni var tekið jákvætt í að klæða húsið ef ástand þess væri metið sem svo að ekki sé möguleiki á að gera við skemmdir þess en neikvætt var tekið í framlagða útfærslu á svölum en leiðbeint um mögulegar útfærslur. Byggingarfulltrúi tók málið fyrir á afgreiðslufundi sínum þann 8. ágúst 2023 þar sem málinu var frestað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 3. ágúst 2023. Málið var tekið fyrir að nýju á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 5. september þar sem málið var afgreitt með eftirfarandi bókun: „Frestað. Vísað til athugasemda“. Í athugasemdunum er annars vegar óskað eftir því að gerð sé grein fyrir léttu handriði, uppbyggingu, efnisvali, hæð og ásýnd bæði að framan og á hliðum. Hins vegar er óskað eftir því að lagðar séu inn nýjar teikningar sem sýni nýja útfærslu af svölum.

Í tölvupósti dags. 21. nóvember 2023 upplýsti yfirverkfræðingur hjá byggingarfulltrúa lögmann Verksýnar ehf., sem annast málið fyrir hönd húsfélags Rofabæjar 43-47, um það að bregðast þyrfti við athugasemdunum til þess að umsóknin yrði afgreidd. Fyrir mistök var ekki brugðist við tölvupóstum frá Verksýn ehf., dags. 15. janúar og 29. janúar 2024, um beiðni um fund. Þegar í ljós kom að misfarist hafði að svara beiðninni um fund hafði deildarstjóri hverfisSKIPULAGS samband við fulltrúa Verksýnar ehf. með tölvupósti dags. 5. mars 2024 og boðaði til fundar. Þann 13. mars sl. var haldinn fundur með fimm aðilum f.h. Rofabæjar 43-47, deildarstjóra hverfisSKIPULAGS, tveimur verkefnastjórum hverfisSKIPULAGS og byggingarfulltrúa Reykjavíkur. Málið er nú til vinnslu og nánari skoðunar hjá starfsmönnum hverfisSKIPULAGS og byggingarfulltrúa og verður endanleg afgreitt eftir páska, sbr. tölvupóstsamskipti 25. mars sl.



Reykjavíkurborg

Kröfugerð

Reykjavíkurborg gerir þá kröfu að máli þessu verði vísað frá nefndinni þar sem hin kærða afgreiðsla felur ekki í sér lokaákvörðun sem bindur enda á meðferð máls og er hún því ekki kæranleg til úrskurðarnefndarinnar, sbr. 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Jóhanna Guðjónsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða



Árið 2024, miðvikudaginn 10. apríl, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

Mál nr. 22/2024, kæra á afgreiðslu skipulagsfulltrúans í Reykjavík frá 13. júlí 2023 um að hafna umsókn um byggingarleyfi frá 17. maí s.á. vegna svalahandriðs og klæðningar á suðurhlið hússins að Rofabæ 43-47.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er barst nefndinni 28. febrúar 2024, kærir Húsfélag Rofabæjar 43-47, Reykjavík, þá afgreiðslu skipulagsfulltrúans í Reykjavík frá 13. júlí 2023 að hafna umsókn þess um byggingarleyfi frá 17. maí s.á. vegna svalahandriðs og klæðningar á suðurhlið hússins. Gerð er krafa um að byggingarleyfisumsóknin verði samþykkt.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 26. mars 2024.

Málsatvik og rök: Húsfélag Rofabæjar 43-47 hefur í hyggju að fara í viðhald og liggur fyrir ástandsskýrsla frá árinu 2016 þar sem lagðar eru til framkvæmdir og endurbætur á húsinu. Á aðalfundi húsfélagsins 27. mars 2023 var samþykkt að taka tilboði í framkvæmdir sem fælu m.a. í sér að allar svalir á suðurhlið þess yrðu brotnar niður og byggðar upp á nýtt og að sett yrðu létt handrið úr áli og gleri. Hinn 17. maí 2023 var sótt um byggingarleyfi fyrir framkvæmdunum og hefur afgreiðslu umsóknarinnar ítrekað verið frestað á afgreiðslufundum byggingarfulltrúa, síðast 5. september 2023. Telur kærandi að skipulagsfulltrúi hafi með umsögn sinni 13. júlí 2023 í raun hafnað erindinu og hafa átt sér stað viðræður á milli kæranda og borgaryfirvalda um þessa afstöðu skipulagsfulltrúa. Eru viðræðurnar enn yfirstandandi og fyrirhugaður fundur 11. apríl 2024. Hefur því verið lýst yfir af hálfu borgaryfirvalda að vonast sé til að í kjölfarið fáist niðurstaða í málið.

Af hálfu kæranda er byggt á því að með höfnun á áformum hans sé brotið gegn jafnræðisreglu. Í umsögn skipulagsfulltrúa hafi verið byggt á hverfisskipulagi Árbæjarhverfis frá árinu 2019 en fordæmi séu fyrir að breytingar hafi verið samþykkt á húsum í hverfinu eftir að skipulagið hafi tekið gildi. Af hálfu borgaryfirvalda er farið fram á að kærumálinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem hin kærða afgreiðsla feli ekki í sér lokaákvörðun sem bindi enda á meðferð máls og sé því ekki kæránleg til nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Niðurstaða: Samkvæmt 59. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 sæta stjórnvaldsákvæðanir, sem teknar eru á grundvelli laganna, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í máli þessu er kærð afgreiðsla skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar sem fólst í gerð umsagnar í tilefni af umsókn kæranda um byggingarleyfi. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki er það byggingarfulltrúi sem veitir byggingarleyfi og skal umsókn um byggingarleyfi send hlutaðeigandi byggingarfulltrúa. Leiki vafi á því hvort framkvæmd

samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélagsins skal byggingarfulltrúi skv. 2. mgr. 10. gr. sömu laga leita umsagnar skipulagsfulltrúa.

Í máli þessu hefur byggingarfulltrúi frestað afgreiðslu máls á afgreiðslufundum með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa en umsögn hans er liður í undirbúningi ákvörðunar byggingarfulltrúa en ekki sjálfstæð stjórnvaldsákvörðun sem bindur enda á meðferð máls í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Verður af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá nefndinni.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ber stjórnvaldi að taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem unnt er. Í 4. mgr. sömu lagagreinar er kveðið á um að unnt sé að kæra óhæfilegan drátt á afgreiðslu máls til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Fyrir liggur að yfirstandandi eru viðræður á milli borgaryfirvalda og kæranda en leiðbeint skal um að telji kærandi afgreiðslu málsins dragast óhæfilega er honum unnt að kæra þann drátt til úrskurðarnefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Arnór Snæbjörnsson (sign)